



Úthlutun styrkja úr Rannsóknarsjóði síldarútvegsins á árinu 2018

Á árinu 2018 styrkir Rannsóknarsjóður síldarútvegsins fjögur fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi, samtals um 12 milljónir króna. Jafnframt styrkir Félag síldarútgerða eitt verkefni um 2 milljónir króna.

Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

Heiti verkefnis: Sjávardýraorðabókin

Verkefnisstjóri: María Ásdís Stefánsdóttir

Samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Að gera fræðslu- og kynningarefni um lífríki sjávar aðgengilegt og áhugavert fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum í formi texta og mynda sem verða birtar á vef.

Heiti verkefnis: Mengun sjávar II

Verkefnisstjóri: Birna Sigrún Hallsdóttir

Samstarfsaðilar: Umhverfissráðgjöf Íslands, Hafrannsóknastofnun og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Fengu styrk árið 2015 til að útbúa almennt kennsluefni um mengun sjávar. Í þessum hluta verkefnisins er ætlunin að útbúa viðbótarkafla um umhverfismál norðurslóða og tvo kafla sérstaklega fyrir námið í Tækniskólanum (umhverfisáhrif siglinga, alþjóðasamningar um mengun sjávar).

Heiti verkefnis: Síld og loðna í sýndarveruleika

Verkefnisstjóri: Árni Gunnarsson

Samstarfsaðilar: Skotta ehf., Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra og Árskóli

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Gera kennsluefni um nótaveiðar í 360° sýndarveruleika fyrir efri bekkni grunnskóla og fyrsta árgang framhaldsskóla. Sýndar veiðar í nót á uppsjávarskipi og nýting afurðanna til manneldis. Efninu er ætlað að fræða og vekja áhuga ungs fólks á að starfa innan sjávarútvegsins.

Heiti verkefnis: Stafræn nýliðaþjálfun og starfakynning fyrir fiskvinnslustörf

Verkefnisstjóri: Nanna Bára Maríasdóttir

Samstarfsaðilar: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Vísir

Styrkupphæð: 3.000.000 kr.

Markmið verkefnis: Gera nýliðafræðslu fyrir fiskvinnslu aðgengilega og lýsandi með gerð kennslumyndbanda á íslensku, með enskum og pólskum texta. Myndinni er ætlað að sýna með skýrum hætti handtök og verklag, kröfur um hreinlæti sem og öryggisatriði er varða umgengni við vélar og tæki og hráefnið sjálft.

Heiti verkefnis: Síldarverkunarhandbókin

Verkefnisstjóri: Páll Gunnar Pálsson

Samstarfsaðilar: Mátis

Styrkupphæð: Félag síldarútgerða styrkir verkefnið um 2 milljónir króna.

Markmið verkefnis: Taka saman hagnýtar upplýsingar um verkun síldar, með svipuðum hætti og gert hefur verið í Saltfiskhandbókinni, Þurrkhandbókinni, Ferskfiskhandbókinni, Fisktækniþéttbókinni og HACCP-bókinni.